

Hafnarfjarðarbær
Ágúst Bjarni Garðarsson
formaður bæjarráðs
agustg@hafnarfjordur.is

Málefni: Stólpi gámar ehf. Áhugi á lóðum við Gullhelli og Tinhelli.

Með vísan í fyrri samskipti okkar um ofangreint mál leggjum við hér fram stutta greinargerð um rýmisþörf starfsemi Stólpa gáma ehf. og hugmyndir um nýja aðstöðu fyrir starfsemina.

Stólpi gámar hefur síðan 1995 stundað viðskipti og þjónustu með gáma. Í starfseminni felast í meginatriðum eftirfarandi þættir;

- Kaup á gámum innanlands
- Viðgerðir á gámum (eða láta aðra gera við gáma fyrir Stólpa gáma)
- Innflutningur á gámum og gámahúsum af öllum gerðum
- Leiga gáma og hvers konar gámahúsa á innanlandsmarkaði
- Sala gáma og hvers konar gámahúsa á innanlandsmarkaði
- Þjónusta við leigutaka og kaupendur gáma
- Varsla geymslugáma fyrir viðskiptavinum

Starfsemin nær til allra gerða af flutningagámum og ennfremur vinnubúða og hvers konar færanlegs húsnæðis. Starfsemin hefur vaxið hröðum skrefum undanfarin mörg ár og er fyrirséð að núverandi aðstaða starfseminnar verði brátt takmarkandi þáttur. Auk þess felst óhagræði í að hafa starfsemina á nokkrum stöðum, en í dag er hún í meginatriðum á þrem mismunandi stöðum. Á liðnum árum hefur ennfremur komið til flutninga á hlutum starfseminnar á milli staða vegna takmarkandi rýmis.

Hér fylgir yfirlit yfir aðstöðu Stólpa gáma í dag:

Núverandi rými	Húsnæði	Lóðarrými	Skýringar
Klettagarðar 3	370 m ²		Söluskrifstofa
Klettagarðar 5	450 m ²		Samsetningar gáma
Klettagarðar 3-5		4.000 m ²	Íbúðargámar- og skrifstofugámar og starfsmannavagnar
Sægarðar		6.800 m ²	Leigulóð undir gáma
Óseyrarbraut 8-10 og 12-14	150 m ²	19.000 m ²	Gámar og söluskrifstofa
Óseyrarbraut, leigulóðir		2.700 m ²	Gámar, svæði Eimskips, Hvals og Vörubretta
Samtals núverandi aðstaða:	970 m ²	32.500 m ²	

Á nýliðnu ári (2020) bættist 6.800 m² leigulóð í Sægörðum við aðstöðuna. Með þeirri viðbót stækkaði lóðarrými Stólpa gáma um 26%. Sú aðstaða er fullnýtt í dag. Ef litið er lengra aftur í tímann, s.s. á þróun starfsemi og lóðarþörf við Óseyrarbraut, er auðséð að full þörf er í bráð fyrir mun meira rými en þá 32.500 m² lóðarrýmis sem starfsemin hefur til afnota í dag.

Starfsemin hefur þróast samhliða starfsemi annarra félaga í Stólpa-samsteypunni, sem m.a. sinna gámaviðgerðum fyrir skipafélög. Starfsemin hefur því verið tengd hafnsækinni starfsemi. Með vaxandi umsvifum og rýmisþörf er hins vegar skynsamlegt að íhuga lóð sem ekki er á hafnar-svæði. Við það getur losnað rými/lóðir sem mikilvægara er að nýta undir hafnsækna starfsemi. Þar er um að ræða mikilvægar og verðmætar lóðir sem Stólpi gámar getur látið af hendi finnst ný aðstaða fyrir starfsemina.

Því leitar Stólpi gámar nú að nýju athafnasvæði, þar sem öll starfsemin yrði á einum stað. Lóðarrýmisþörfin er að lágmarki um 50.000 m², eins og fram kemur í töflunni sem fylgir hér á eftir.

Rýmisþörf til náinnar framtíðar.	Húsnæði	Lóðarrými	Skýringar
Lóðarstærð		50.000 m ²	Aðstaða fyrir gáma og gámahús
Byggingar	1.500 m ²		Söluskrifstofa, samsetningar og önnur starfsemi
Samtals framtíðaraðstaða:	1.500 m ²	50.000 m ²	

Áætlað byggingarmagn á nýrri lóð er um 1.500 m². Af augljósum ástæðum er leitað að lóð sem er vel tengd við megin vegakerfi, þar sem um er að ræða vörubílaflutninga til og frá starfssvæðinu.

Stólpi gámar óskar því eftir formlegum viðræðum við Hafnarfjarðarbæ um lóðirnar nr. 2 við Gullhelli og nr. 2, 4, 6, 8, 10 og 12 við Tinhellu. Lóðirnar koma fram á eftirfarandi mynd, sem er fengin af vefsíðu Hafnarfjarðarbæjar. Jafnframt lýsa Stólpi Gámar áhuga á að losa lóðina við Óseyrarbraut, jafnvel í makaskiptum við Hafnarfjarðarbæ.



Með von um jákvæðar undirtektir.

Virðingarfyllt,
f.h. Stólpa gáma ehf
Reykjavík 12. júlí 2021

Ásgeir Þorláksson
framkvæmdastjóri
asgeir@stolpigamar.is
s. 892 5616